



Nefndarsvið Efnahags- og skattanefnd Alþingis  
Kristjana Benediktsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P 138/311  
komudagur 27.11.2009

Reykjavík, 24. nóvember  
2009  
EBI/--

**Efni. Umsögn Bændasamtaka Íslands um:**

1. Tillögu til þingsályktunar um um nauðsynlegar bráðaaðgerðir vegna alvarlegs ástands efnahagsmála 3. mál þskj. 3.
2. Tillögu til þingsályktunar afskriftir af höfuðstól lána íslenskra heimila og fyrirtækja, 4. mál þskj. 4.

Tilv. 2009110005

Fagråd Bændasamtaka Íslands í í hagfræði fundaði á dögnum og samþykkti þar ályktun þá sem hér fylgir:

*"Fagråd í hagfræði hvetur bændur til að greiða áfram af lánum sínum sé þess nokkur kostur enda augljóst að greiðslustopp muni hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir rekstur búa og bændur sjálfa þar með. Ef staða bænda er með því móti að illmögulegt sé að kljúfa skuldabyrðina er mönnum bent á að nýta þær almennu aðgerðir sem kynntar hafa verið, auk þeirra aðgerða sem boðaðar hafa verið. Sé ljóst að slíkar almennar aðgerðir muni ekki nægja er bændum bent á að sértækar lausnir banka og fjármálastofnanna geta verið valkostur. Í því samhengi er rétt að gæta að eftirfarandi atriðum:*

*Fagráðið minnir á að jarðir og bú eru jafnframt heimili bænda og fjölskylda þeirra. Bændur hafi mikinn greiðsluvilja og almennt er greiðslusaga þeirra afar góð. Í sögulegu samhengi eru afskriftir lána í landbúnaði óverulegar. Því er ljóst að landbúnaður má ekki gjalda þess umfram aðrar atvinnugreinar að hafa tryggara greiðsluflæði og sterkari eignastöðu en flestar aðrar atvinnugreinar.*

*Við samninga milli bænda og fjármálastofnanna þarf að tryggja að eðlileg framfærsla fjölskylda, nauðsynleg endurnýjun fasteigna og tækja, sem og vöxtur og þróun búrekstrar verði með eðlilegum hætti.*

*Jarðir bænda verður að meta með sanngjörum hætti. Því er einboðið að ekki má miða verðlagningu þeirra við þá verðlagningu sem tíðkaðist í miðri fasteignabólunni. Hugsanlega mætti í því samhengi skoða sambærilega verðbreytingu og á dýrustu fasteignum á höfuðborgarsvæðinu.*

*Upplýsingar um skilmála þeirra lána sem í boði eru verða að liggja fyrir áður en hægt er að taka afstöðu til úrræða. Er þetta ekki síst mikilvægt með tilliti til ætliðaskipta eða sölu jarða.*

*Skuldarar verða að hafa skilyrðislausan rétt til að fá afhent gögn sem varða málefni þeirra eins og verðmat jarða, greiðslumat og önnur gögn er aðgerðir byggja á.*

*Sökum verulegrar óvissu um framtíð íslensks landbúnaðar vegna mögulegrar aðildar að Evrópusambandinu og breytinga alþjóðasamninga eins og WTO er nauðsynlegt að gera bú betur í stakk búin til að takast á við slíkar breytingar þegar ráðist er í endurskipulagningu á fjármálum bænda".*

Ályktunin er sú almenna stefna sem tekin hefur verið af hálfu B.Í.. Látlaust er unnið að frekari útfærslum og leiðum til að leysa vanda þeirra bænda sem á sértækum lausnum þurfa að halda.

Hjá mörgum bændum virðist fara saman mikil skuldsetning – í erlendum lánnum, kaup á framleiðsluheimildum og mikil framleiðsla, samfara tæknivæðingu. Stöðvist rekstur þessara búa gæti það haft alvarlegar afleiðingar fyrir matvælaframleiðslu í landinu og matvælaöryggi.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

  
Eiríkur Blöndal